



## Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Funa, Eyjafjarðarsveit

Nefndin fundaði þann 21. mars og voru þá lagðar línurnar fyrir komandi starfsár. Ákveðið var að hefja starfið líkt og í fyrra með pizzakvöldi fyrir krakkana og foreldra þeirra, til að kynna okkar hugmyndir og fá skoðanir foreldra. Fyrsti atburðurinn sem við tókum þátt í var sýningin Æskan og hesturinn sem haldin var á Akureyri þann 8. maí. Stuttu seinna hófst námskeið í TREC sem var bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Teymt var undir börnum á sumardaginn fyrsta, á handverkshátíðinni og á síðsumarsfagnaði smámunasafnsins. Byrjendareiðnámskeið var á sínum stað, að þessu sinni 20.-22. júní. Æskulýðsdagarnir voru að sjálfsögðu hápunktur sumarsins og var ánægjulegt að sjá þar auk Funamanna félaga frá Létti Akureyri, Þráni Grenivík og Þjálfá Þingeyjarsýslu.

### Æskan og hesturinn á Akureyri

5 krakkar úr Funa voru með atriði undir leiðsögn Söru Arnbro á sýningunni Æskan og hesturinn sem haldin var á Akureyri þann 8. mars. Um var að ræða hressilegt og frumlegt indíána atriði þar sem krakkarnir riðu m.a. á stökki og skutu úr boga á skotskífu. Atriðið vakti mikla lukku meðal áhorfenda og voru krakkarnir hæst ánægðir með sýninguna. Þar að auki átti Funi sína fulltrúa í pollaatriðinu sem var nokkuð fjölmennt í ár.



### Námskeið í TREC fyrir bæði byrjendur og lengra komna



TREC íþróttin hefur skapað sér ákveðinn sess innan félagsins og í ár var metskráning á námskeið sem var ókeypis fyrir krakkana líkt og undanfarin ár. Leiðbeinandi námskeiðsins var Anna Sonja Ágústsdóttir. Hvorki meira né minna en 16 krakkar tóku þátt í námskeiðinu en það er alger met þáttaka á námskeiði á vegum æskulýðsnefndar þó litið sé þó nokkur ár aftur í tímann. Námskeiðið hófst 14. apríl með bóklegri kennslu og í framhaldinu voru kenndir 8 verklegir tímar sem að

mestu fóru fram utan dyra enda var veðrið alveg hreint frábært. Eins og áður var lögð mest áhersla á þrautahlutann en að þessu sinni æfðum við einnig gangtegunirnar fet og stökk og var keppt í hvoru tveggja á lokadeginum okkar sem haldinn var 25. júní. Verðlaunin voru heldur óvenjuleg en vöktu mikla lukku því það voru vegleg sumarblóm frá Gömlu garðyrkjustöðinni í Hrafnagili.



### Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var að venju haldinn hátíðlegur á Melgerðismelum þar sem handverk, húsdýr, vélar og tæki voru til sýnis. Fjöldi manns sækir þennan viðburð árlega og fær sér bita af hinu víðfræga hlaðborði Funamanna. Mesta lukku, allavega hjá yngri kynslóðinni, vekja þó hestarnir góðu sem notaðir eru til að teyma undir minnstu gestunum. Unglingarnir okkar taka alltaf virkan þátt í þessari skemmtun og skiptast á að hjálpa til við að teyma undir og eru þau alltaf jafn dugleg og ábyrg.

### Byrjendareiðnámskeið

20. -22. júní var haldið ókeypis reiðnámskeið fyrir byrjendur, og var það vel sótt að vanda. Veðrið var frábært líkt og allan Júnímánuð hér fyrir Norðan og fengu báðir hópar námskeiðsins að enda á stuttum reiðtúr, eftir að hafa lært að stjórna hestunum sínum inni í rétt fyrst.



### Æskulýðsdagar norðurlands



Æskulýðsdagarnir okkar eru án efa stærsti viðburðurinn sem nefndin tekur sér fyrir hendur en þá þurfa allir að taka höndum saman til að setja saman dagskrá sem nær yfir heila helgi, síðustu helgina í júlí. Fyrirkomulagið var með svipuðu sniði og venjulega. Ratleikur á hestum á föstudagskvöldinu þar sem skipt var í lið sem þurftu að leysa ýmsar þrautir, m.a. setja saman reiðtygi, leita að ávöxtum í skóginum og svara hestatengdum spurningum.

Laugardagurinn byrjaði á þrautabraut sem að þessu sinni var haldin utanandyra því veðrið alveg hreint lék við okkur. Um miðjan dag var svo farið í fjölskyldureiðtúr og borðað nesti sem kom með trússbílnum. Kvöldið endaði með grillveislu og varðeldi þar sem grillaðir voru sykurpúðar og svo tekið duglega á því í löggu og bófa í skóginum. Sunnudagurinn byrjaði á keppnisgrein sem haldin var í fyrsta sinn í fyrra en vakti mikla lukku og því haldin aftur núna. Hún fór fram í reiðskemmum og snerist um að safna saman gamaldags netahringjum sem búið var að raða á tunnur meðfram sporaslóðinni. Markmiðið var að vera sem fljótastur að safna saman öllum hringjunum en tími tapaðist fyrir hvern hring sem ekki var komið með í mark. Helgin endaði svo á frjálslægri hringvallarkeppni með útsláttarfyrirkomulagi, þ.a. það var eitthvað við allra hæfi þessa helgi. Öllum félögum á norðurlandi er boðið að taka þátt í þessari helgarskemmtun, allt krökkunum að kostnaðarlausu, en fyrirtæki á Akureyri hafa styrkt okkur um mat og verðlaun. Undanfarin ár hafa þáttakendur aðeins komið frá Funa og Létti en að þessu sinni tókst okkur að ná til fleiri félaga, m.a. með því að auglýsa viðburðinn vel á sýningunni Æskan og hesturinn, og þótti okkur sérlega vænt um að fá þáttakendur bæði frá Þrání á Grenivík og Þjálfá í Þingeyjarsýslu.



### Handverkshátíðin

4.-7. ágúst var teymt undir börnum á handverkshátíðinni á Hrafnagili en félögin í sveitinni taka þar höndum saman og vinna óeigingjarnt starft til að gera hátíðina að þeirri skemmtun sem hún er. Eldri krakkarnir í Funa létu sitt ekki eftir liggja og aðstoðuðu við teymingarnar og stóðu sig eins og hetjur því aðsóknin var gríðarleg og biðu börnin í löngum röðum spennt fyrir því að fá að komast á bak. Þar að auki voru nokkrir vanir TREC krakkar sem settu upp smá sýningu á laugardeginum fyrir gesti handverkshátíðarinnar en bæði knapar og hestar eru orðin svo flink í TREC að okkur tókst að hrista fram úr erminni flotta sýningu án þess að æfa atriðið sérstaklega.



Starfsárið var á heildina litið mjög vel heppnað og finnst okkur þáttaka í æskulýðsstarfinu heldur vera að aukast, enda starfið búið að vera á uppleið undanfarin ár. Unglingarnir okkar höfðu orð á því af fyrra bragði hvort ekki mætti bæta við ungmennaflokki á Æskulýðsdögunum því þau okkar vilja halda áfram að mæta þó að þau séu að komast á framhaldsskólaaldur. Við fögnum þessum áhuga unglínganna okkar og munum að sjálfsögðu ekki skorast undan því, enda mikilvægt að sporna við brottfalli úr félagsstarfinu hjá þessum aldurshópi. ☺

Fyrir hönd barna- og unglíngaráðs Funa  
Anna Sonja Ágústsdóttir, formaður nefndarinnar.

Barna- og unglíngaráð Funa er þannig skipað 2016-2017:



Anna Sonja Ágústsdóttir, Hólum, formaður  
Gunnildur Erla Þórisdóttir, Rifkellsstöðum  
Kristján Hjalti Sigurðsson, Hjallatröð 2  
Sara Arnbro, Ysta-Gerði  
Þorsteinn Egilson, Grund II